

Drög að reglugerð um stofnun og starf fagráða Menntamálastofnunar

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi tekur til stofnunar fagráða Menntamálastofnunar, hlutverks þeirra og starfshátta.

2. gr.

Hlutverk og skipan fagráða

Fagráð skulu vera stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar svo hún geti sem best sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Forstjóri setur á fót fagráð til þriggja ára í senn og setur þeim erindisbréf. Hvert þeirra skal skipað fimm sérfróðum fulltrúum. Fagráðin skulu starfa á eftirtöldum þremur starfssviðum stofnunarinnar:

- náms- og gæðamat,
- gerð og miðlun námsgagna,
- upplýsingagjöf og þjónusta.

Menntamálastofnun auglýsir opinberlega eftir aðilum í fagráð á grundvelli viðmiða sem fjallað er um í 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Viðmið um skipan í fagráð

Við skipan í fagráð skal hafa til viðmiðunar að viðkomandi aðili hafi faglega þekkingu og reynslu á starfssviði fagráðsins. Leitast skal við að fagráð endurspegli sem best það starf sem tengist viðkomandi sviði og að þar sitji aðilar sem búa yfir mikilli hæfni, þekkingu og reynslu af starfi á vettvangi skóla, fræða- og rannsóknasamfélags og atvinnulífs. Einnig skal taka mið af því að hvert fagráð sé skipað einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn.

Menntamálastofnun skal fela einum starfsmanni, á því sviði sem fagráðið starfar, að vinna með viðkomandi fagráði.

Við skipan í fagráð skal gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

4. gr.

Starfshættir fagráða

Fagráð skiptir sjálfst með sér verkum og setur sér verklagsreglur. Fagráð skulu starfa samkvæmt árlegri starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og skulu leggja mat á viðfangsefni sín á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga og gagna. Fagráðin skulu að lágmarki halda einn samráðsfund árlega. Fulltrúar fagráða skulu gæta fyllsta hlutleysis í umfjöllun sinni, gera grein fyrir mögulegum hagsmunatengslum, starfa af vandvirkni og heiðarleika, tileinka sér vinnubrögð sem skapa traust á starfi þeirra og stofnuninni og gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um vegna setu sinnar í fagráði.

Upplýsingar um starfsemi fagráða og fundargerðir þeirra skal birta á vef stofnunarinnar.

5. gr.
Gildistaka

Þessi reglugerð er sett með heimild í 4. gr. laga nr. 91/2015 um Menntamálastofnun og öðlast þegar gildi.